



## Umhverfisáhrif jarðhitavirkjana

**Guðný Þóra Pálsdóttir**

**Greinargerð GPP-92-01**

## UMHVERFISÁHRIF JARÐHITAVIRKJANA Staða gagnasöfnunar

### 1. Inngangur

Árið 1992 var komið á samstarfsverkefni milli Orkustofnunar, Hitaveitu Reykjavíkur, Hitaveitu Suðurnesja og Landsvirkjunar um umhverfisáhrif jarðhitanytingar. Tilgangur verkefnisins er að meta umhverfisáhrif á jarðhitasvæðum, sem eru nýtt af þessum orkuveitum og gera tillögur um æskilegt eftirlit með þeim í framtíðinni. Minn verkþáttur fólst í að safna öllum fánlegum gögnum, skrá þau og raða þeim eftir fyrirfram ákveðnum flokkum.

### 2. Framkvæmd

Hafist var handa við gagnasöfnun vegna verkefnisins í byrjun júlí síðastliðins og stóð vinna fram í september. Fyrsta vikan fór í kynningu á verkefninu og mótun á starfsháttum. Byrjað var á bókasafni Orkustofnunar og leitað í listum yfir útgefnar skýrslur og greinar eftir starfsmenn í ársskýrslum stofnunarinnar og Hitaveitu Reykjavíkur, og í Orkumálum. Bókasafn Orkustofnunar gaf aukaeintök af skýrslum, sem til voru, en annað var ljósritað. Þetta var gert fyrir hvert svæði fyrir sig, Svartsengi og Reykjanes fyrst, svo Nesjavelli og að lokum fyrir Kröflu og Námafjall. Gögnin sem safnað hefur verið ná yfir árið 1991 þ.e. fram til 1992.

Því næst fór ég í gegnum safn Hrefnu Kristmannsdóttur um Svartsengi og Reykjanes, og ljósritaði það sem mig vantaði. Sama var gert fyrir safn Halldórs Ármannssonar um Kröflu.

Haft samband við Náttúruverndarráð og fékk ég að fara í gegn um gagnasafn þeirra. Þeir ljósrituðu fyrir mig það sem ég bað um, u.þ.b. 125 blaðsíður.

Svo var haft samband við Hitaveitu Reykjavíkur til að fá eintök af skýrslum. Þeir áttu lítinn aukaförða af skýrslum eða 7 skýrslur. Aðeins á eftir að fara á bókasafn Orkustofnunar og ljósrita það sem enn vantar en hefur verið skráð.

Talsverðu almennu efni og efni sem varðar öll svæðin hefur verið safnað og er það flokkað sér. Allt það efni sem skráð hefur verið í eftirfarandi fjóra meginflokka: Almennt, Svartsengi og Reykjanes, Nesjavelli og Krafla og Námafjall.

Til að skrá heimildir hefur verið notað forritið BIB sem er það sama og er notað til að skrá skýrslur jarðhitadeildar, og sama uppsetning notuð. BIB er mjög fullkomið heimildaskráningar forrit sem hefur marga möguleika. En BIB hefur ekki verið sett upp að fullu, þannig að útprentun er ekki möguleg. Skrárnar eru geymdar undir:

/os/gtp/lit/almennt.t  
/os/gtp/lit/nesja.t  
/os/gtp/lit/krafla.t  
/os/gtp/lit/svarts.t

og hægt er að nálgast þær þar.

### 3. Hitaveita Suðurnesja

Rúmlega 100 ritum og greinum hefur verið safnað um Svartsengi og Reykjanes. Frá Náttúruverndarráði fengust einungis 5 heimildir. Nokkrar heimildir hafa verið skráðar en ekki ljósritaðar enn. Til er sérlisti yfir þessar heimildir. Heimildum hefur verið grófraðað niður í flokka, þær skráðar og raðað í möppur.

### 4. Hitaveita Reykjavíkur

Tæplega 100 ritum hefur verið safnað um Nesjavelli og Hengilssvæði. Um 12 heimildir fengust frá Náttúruverndarráði og var það minna en ég bjóst við. Nokkur rit enn hafa verið skráð en ekki unnist tími til að ljósrita. Sérlisti er til yfir þessi rit. Heimildum hefur verið grófraðað og þær settar að einhverju leyti í möppur.

### 5. Landsvirkjun

Tæpum 200 ritum hefur verið safnað um Kröflu, Námafjall, og nágrenni. Um 30 heimildir fengust frá Náttúruverndarráði en ég hafði fengið talsvert af heimildum frá Halldóri Ármannssyni áður. Eitthvað er um skráðar en óljósritaðar heimildir og er til sérstakur listi yfir þær. Heimildir hafa ekki verið flokkaðar.

Guðný Þóra Pálsdóttir